



Fundargerð

**Svæðisráð suðursvæðis - 74. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn á
Brunnhól, Mýrum,
25. nóvember 2019, kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson formaður, Sigurlaug Gissurardóttir fulltrúi ferðapjónustunnar, Snævarr Guðmundsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Guðrún Inga Bjarnadóttir fulltrúi útivistarfélaga, Hjördís Skírnisdóttir varamaður, Friðrik Jónas Friðriksson varamaður, Helga Árnadóttir þjóðgarðsvörður, Steinunn Hödd Harðardóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar og Sigurður Óskar Jónsson.

1. Stjórnunar- og verndaráætlun Jökulsárlón og þjóðlendur - 1709003

Fyrir fundinum lágu vinnugögn ráðgjafahóps og starfsmanna.

Gestir

Þorvarður Árnason, Rannsóknarsetri Háskóla Íslands, Höfn - 10:00

Sigurður Óskar Jónsson, starfsmaður Vatnajökulsþjóðgarðs - 10:00

Kristín Hermannsdóttir, Náttúrustofu Suðausturlands - 10:00

Steinunn Hödd Harðardóttir, starfsmaður Vatnajökulsþjóðgarðs - 10:00

Farið var yfir vinnugögn ráðgjafahóps og næstu skref í verkefninu. Fyrir liggja greinargerðir íbúafundar og viðtala, drög að svæðaskiptingu Breiðamerkursands, margvísleg kortagögn sem og frumdrög að skjali fyrir stjórnunar- og verndaráætlun. Næsta skref er að ráðgjafahópur mun leggja fram tillögu að vinnustofu þar sem unnið verður með framtíðarsýn svæðis út frá hopun jökla og breytingum því tengdu.

2. Deiliskipulag Jökulsárlón breyting - 1709015

Farið yfir stöðuna, m.a. út frá framkomnum umsögnum í kjölfar auglýsingar.

Svæðisráð suðursvæðis telur að auglýst tillaga að breyttu deiliskipulagi við Jökulsárlón styðji við markmið þjóðgarðsins um náttúruvernd, aðgengi, fræðslu og byggðaþróun. Þjóðgarðsvörður fer á fund með skipulagsyfirlögdum á Höfn og ræðir stöðuna í skipulagmálum við Jökulsárlón

Fundargerð ritaði: Helga Árnadóttir, þjóðgarðsvörður.
Fundi slitið kl. 15:00.